

Ed.

125. Frumvarp til laga

[87. mál]

um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni, sem:

1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt þeim starfa;
2. er 25 ára gamall;
3. er íslenskur ríkisborgari;
4. er búsettur hér á landi;
5. er lögráða og hefur forræði fjár síns;
6. hefur óflekkað mannorð;
7. hefur lokið prófraun, sem mælt er í 2. gr.

2. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar samkvæmt 1. gr., skal ganga undir próf fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar. Skal prófraunin við það miðuð, að í ljós sé leitt, að prófmaður hafi öðlazi þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfanum vaxinn.

Engum er heimilt að ganga undir próf samkvæmt 1. mgr., nema hann hafi unnið þrjú ár samtals að endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda. Nú hefur prófmaður unnið þrjú ár að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar, og getur ráðherra þá að fengnum tillögum prófnefndar veitt undanþágu frá ákvæði 1. málslíðs þessarar málsgreinar.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum prófnefndar að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá prófraun samkvæmt 1. mgr. manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis.

Nú hefur prófmaður lokið prófi í Háskóla Íslands í fræðigrein, og er hann þá undanþeginn prófi, að því er hana varðar. Ráðherra getur að fenginni umsögn prófnefndar veitt undanþágu frá prófi í fræðigrein, sem prófmaður hefur lokið háskóla-prófi í erlendis.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreindir, framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun endurskoðanda samkvæmt lögum þessum og fullnægja til þess skilyrðum laganna. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreindir, kennslu og kennslugjöld skulu sett með reglugerð. Í reglugerð má og ákveða, að kennarar þeir, sem kennslu annast á námskeiði, prófi nemendur, hver í sinni grein, og jafngildir það próf þá prófraun fyrir prófnefnd, að því er þá námsgrein varðar.

4. gr.

Endurskoðandi skal fá skirteini, er ráðherra gefur út, um löggildingu sína. Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða 500 krónur í ríkissjóð.

5. gr.

Þeim einum, sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar, er heimilt að nefnast „löggiltur endurskoðandi“. Bönnuð er notkun starfsheitis, sem til þess er fallin að valda því, að maður sé talinn vera löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

6. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

7. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

8. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra, á hvaða stöðum þeir reka skrifstofur.

9. gr.

Nú ákveður dómari, að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara, og skal þá til þess starfs kveða löggiltan endurskoðanda, ef hans er þar kostur.

10. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar félags löggiltra endurskoðenda, hvort endurskoðunarstarf er samrýmanlegt öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra, og hefur endurskoðandinn þá fyrirgert löggildingu sinni.

11. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 10. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskirteini sínu. En veita má ráðherra honum að fengnum tillögum prófnefndar löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

12. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákærvalds undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakar efnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

13. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggir við að öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þó eigi beitt, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Lög um löggiltra endurskoðendur nr. 9 frá 15. júní 1926 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér nokkru ýtarlegri ákvæði um löggildingu endurskoðenda og um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda en nú eru í lögum, en um þetta efni gilda lög nr. 9 frá 15. júní 1926. Síðan þau lög voru sett, hefur verkefni endurskoðenda að sjálfsögðu aukizt mjög, enda fer þeim mönnum sífjölgaði, sem við endurskoðun fást. Miðar frumvarpið að því að tryggja það, að einungis hæfir menn fái löggildingu til endurskoðunar og að þeir, sem löggildingu öðlast, njóti réttinda og hafi skyldur, eftir því sem réttmætt og eðlilegt má teljast. Að sjálfsögðu er við það miðað, að endurskoðendur, sem löggiltir hafa verið samkvæmt lögum nr. 9/1926, haldi þeim réttindum sínum. Eigi er ástæða til að hafa fleiri orð um frumvarp þetta í heild, en um einstakar greinar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér eru talin þau almenn skilyrði, sem endurskoðandi verður að fullnægja til þess að fá löggildingu. Aldursskilyrðið er við það miðað, að umsækjandi um löggildingu hafi öðlzt þá lífsreynslu og fengið þá æfingu í starfi, sem nauðsynlega verður að telja löggiltum endurskoðanda. Þá er til þess ætlazt, að umsækjandi lúki prófi, áður en löggilding er veitt, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum undantekningum, að því er það ákvæði varðar. Þau skilyrði önnur, sem í greininni eru talin, virðast sjálfsögð.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um próf endurskoðenda, skilyrði þess að mega ganga undir prófið og undanþágur frá prófraun. Er ætlazt til, að nánari ákvæði um þetta efni verði sett í reglugerð, þ. á m. um skipan prófnefndar og prófgreinar. Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að manni leyfist að þreyta prófraun endurskoðenda því aðeins, að hann hafi unnið samtals 3 ár að endurskoðun undir stjórn löggilts endurskoðanda. Þykir mega ætla, að hæfur maður hafi þá öðlzt staðgóða þekkingu og leikni í því starfi. Hins vegar er lagt til, að ráðherra megi að fengnum tillögum prófnefndar veita undanþágu frá þessu ákvæði manni, er unnið hefur jafnlangan tíma að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar. Þá er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að veita undanþágu frá prófraun að nokkru eða öllu leyti manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis. Færi það að sjálfsögðu mjög eftir atvikum, hvort og að hve miklu leyti slík undanþága yrði veitt. Ef endurskoðandi hefur lokið prófi í fræðigrein í Háskóla Íslands, virðist einsætt, að eigi þurfi að prófa hann af nýju í þeirri grein, og réttmætt getur verið að veita manni undanþágu frá prófi í námsgrein, sem hann hefur lokið háskólaprófi í erlendis.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra verði heimilað að efna til námskeiða fyrir þá, er þreyta vilja prófraun endurskoðenda og fullnægja til þess lögmæltum skilyrðum. Þetta ætti að tryggja endurskoðendaefnum góða fræðslu og geta orðið þeim hagkvæmt að öðru leyti. Að því er þessi námskeið varðar, virðist ákjósanlegust sú skipan, að laga- og hagfræðideild Háskólans væri falið að annast þau svo og próf nemenda í þeim greinum, sem þar yrðu kenndar.

Um 4. og 5. gr.

Rétt þykir, að endurskoðandi fái skirteini um löggildingu sína, og hæfilegt, að hann greiði 500 krónur í rikissjóð fyrir löggildinguna. Þá er ætlazt til þess, að þeim endurskoðendum einum, sem löggildingu hafa hlotið, sé heimilt að nefnast „löggiltir endurskoðendur“. Þá er og bönnuð notkun starfsheitis, sem ætla má, að valdi því, að maður sé ranglega af almenningi talinn vera löggiltur endurskoðandi. En

mest hættu virðist á slíku, ef orðin „endurskoðandi“ og „löggitur“ væru í nánu sambandi notuð í auglýsingum, á bréfum o. s. frv.

Um 6.—8. gr.

Lagt er til, að kveðið sé á um það, að löggiltir endurskoðendur hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Brot löggiltra endurskoðenda í starfi varðar þá refsingu samkvæmt XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rétt þykir, að endurskoðandi vinni heit, er hann fær löggildingu, svo sem verið hefur. Þá er gert ráð fyrir, að löggiltir endurskoðendur tilkynni ráðherra, hvar þeir hafi skrifstofur, en heimilt er þeim að stunda atvinnu, hvar á landi sem er.

Um 9. gr.

Að sjálfsögðu ber eftir föngum að vanda til endurskoðunar, sem framkvæmd er til afnota í dómsmálum. Er rétt, að dómarmar kveðji til þeirra starfa löggilta endurskoðendur, ef þeirra er kostur. Ákvæði greinarinnar tekur til rannsóknar á bókum og reikningum þrotabúa, er dómari lætur framkvæma, sbr. lög nr. 25/1929.

Um 10. gr.

Ýmis störf eru svo vaxin, að þau fá ekki samrýmst starfa löggilts endurskoðanda. Ekki þykir fært að banna löggiltum endurskoðendum öll önnur störf eða starfsflokka, t. d. önnur opinber störf, heldur er lagt á vald ráðherra að meta þetta hverju sinni, en rétt þykir, að ráðherra fái, áður en hann leiðir mál til lykta, um það tillögur stjórnar stéttarfélags löggiltra endurskoðenda.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar geyma reglur um missi löggildingar og endurveitingu hennar. Eigi virðist þörf skýringa á ákvæðum þessum.

Um 13.—15. gr.

Ætlazt er til, að ákvæði 2. mgr. 2. gr. komi ekki til framkvæmda, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna, og að menn geti á því tímabili þreytt prófraun, þó að þeir fullnægi ekki skilyrði þess ákvæðis. Að öðru leyti þykja ekki efni til athugasemda, að því er þessar greinar varðar.